

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Unni Brá Konráðsdóttur um hjúkrunar- og dvalarrými.

1. *Hversu mörg hjúkrunarrými eru á Íslandi og hvernig hefur fjöldi þeirra þróast undanfarin 10 ár, skipt eftir kjördæmum?*

Fyrirspurninni verður svarað út frá heilbrigðisumdæmum þar sem allt skipulag í heilbrigðisþjónustu fer eftir heilbrigðisumdæmum en ekki út frá kjördæmum.

Fjöldi hjúkrunarrýma á landsvísi var 2719 í árslok 2018. Þróun fjölda hjúkrunarrýma eftir heilbrigðisumdæmum síðustu 10 ár má sjá í töflu 1. Miðað er við fjölda rýma í lok hvers árs.

Tafla 1. Fjöldi hjúkrunarrýma eftir heilbrigðisumdæmum 2009–2018.

Heilbrigðisumdæmi	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
H. höfuðborgarsv.	1397	1445	1419	1413	1477	1477	1477	1495	1511	1521
H. Suðurnesja	134	96	114	114	114	117	115	115	115	115
H. Vesturlands	231	224	217	194	199	210	211	216	238	240
H. Vestfjarða	58	55	49	49	49	49	49	57	57	57
H. Norðurlands	398	371	360	361	362	366	375	389	385	388
H. Austurlands	92	92	92	98	98	98	99	99	106	110
H. Suðurlands	265	256	244	244	245	254	262	303	283	288
<b>Heildarfjöldi rýma</b>	<b>2.575</b>	<b>2.539</b>	<b>2.495</b>	<b>2.473</b>	<b>2.544</b>	<b>2.571</b>	<b>2.588</b>	<b>2.674</b>	<b>2.695</b>	<b>2.719</b>

2. *Hversu mörg dvalarrými eru á Íslandi og hvernig hefur fjöldi þeirra þróast undanfarin 10 ár, skipt eftir kjördæmum?*

Fjöldi dvalarrýma á landsvísi var 214 í árslok 2018. Þróun fjölda dvalarrýma eftir heilbrigðisumdæmum síðustu 10 ár má sjá í töflu 2. Miðað er við fjölda rýma í lok hvers árs.

Með aukinni áherslu á stuðning við sjálfstæða búsetu aldraðra með styrkingu heimahjúkrunar og fjölgun dagdvalarrýma hefur dvalarrýmum fækkað á þessum tíma úr 661 árið 2009 í 214 í árslok 2018 og hefur rekstri þeirra m.a. verið breytt í rekstur hjúkrunar- og dagdvalarrýma að frumkvæði stofnana sem talin hefur verið meiri þörf fyrir.

Tafla 2. Fjöldi dvalarrýma eftir heilbrigðisumdæmum 2009–2018.

Heilbrigðisumdæmi	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
H. höfuðborgarsvæðisins	244	184	162	160	138	132	132	110	56	33
H. Suðurnesja	4	0	0	0	0	0	0	0	0	0
H. Vesturlands	80	75	71	68	65	54	52	44	40	38
H. Vestfjarða	10	8	0	0	0	0	0	0	0	0
H. Norðurlands	137	120	96	96	92	89	84	69	63	59
H. Austurlands	31	31	23	15	15	12	12	10	10	2
H. Suðurlands	155	136	129	131	129	113	101	90	82	82
<b>Heildarfjöldi rýma</b>	<b>661</b>	<b>554</b>	<b>481</b>	<b>470</b>	<b>439</b>	<b>400</b>	<b>381</b>	<b>323</b>	<b>251</b>	<b>214</b>

3. *Hversu mörg tvímeningsrými eru á Íslandi og hvernig hefur fjöldi þeirra þróast undanfarin 10 ár, skipt eftir kjördæmum?*

Uppbygging hjúkrunarheimila undanfarin 10 ár hefur að mestu falist í nauðsynlegum endurbótum á eldri rýmum, m.a. til að fækka fjölbýlum. Hlutfall fjölbýla af hjúkrunarrýmum á landsvísi var um 28% árið 2009 en er nú 13,9%.

Tafla 3. Prósentuhlutfall einbýla og fjölbýla á landsvísu 2009–2018.

Landið allt	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Hlutfall einbýla	72,0	73,7	75,0	75,7	78,1	79,8	80,1	83,9	85,5	86,1
Hlutfall fjölbýla	28,0	26,3	25,0	24,3	21,9	20,2	19,9	16,1	14,5	13,9

Tafla 4. Prósentuhlutfall einbýla og fjölbýla eftir heilbrigðisumdæmum 2009–2018.

Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Einbýli	61,3	61,3	72,7	77,3	77,3	90,9	90,9	90,9	90,9	90,9
Fjölbýli	38,7	38,7	27,3	22,7	22,7	9,1	9,1	9,1	9,1	9,1
Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðis										
Einbýli	71,9	74,7	75,5	76,1	77,8	78,6	79,0	82,0	83,8	84,4
Fjölbýli	26,4	23,7	23,4	23,2	21,5	21,0	20,5	18,0	16,2	15,6
Heilbrigðisumdæmi Vesturlands										
Einbýli	74,6	74,7	78,2	81,4	94,9	95,1	95,1	95,2	96,2	96,2
Fjölbýli	25,4	25,3	21,8	18,6	5,1	4,9	4,9	4,8	3,8	3,8
Heilbrigðisumdæmi Vestfjarða										
Einbýli	18,0	18,0	18,0	18,0	18,0	25,5	24,5	80,7	80,7	80,7
Fjölbýli	82,0	82,0	82,0	82,0	82,0	74,5	75,5	19,3	19,3	19,3
Heilbrigðisumdæmi Norðurlands										
Einbýli	85,1	85,5	86,0	86,0	87,8	87,5	87,3	88,0	88,2	88,2
Fjölbýli	14,9	14,5	14,0	14,0	12,2	12,5	12,7	12,0	11,8	11,8
Heilbrigðisumdæmi Austurlands										
Einbýli	54,5	52,2	51,6	52,9	52,9	54,0	54,0	75,0	73,3	77,8
Fjölbýli	45,5	47,8	48,4	47,1	47,1	46,0	46,0	25,0	26,7	22,2
Heilbrigðisumdæmi Suðurlands										
Einbýli	76,3	76,9	77,2	77,2	77,3	78,8	79,5	79,8	86,3	86,6
Fjölbýli	23,7	23,1	22,8	22,8	22,7	21,2	20,5	20,2	13,7	13,4

4. Hver eru áform ráðherra um fjölgun hjúkrunarrýma á næstu árum, skipt eftir kjördæmum?
5. Hver eru áform ráðherra um fækkun tvímenningsrýma á næstu árum?

Varðandi fjölgun hjúkrunarrýma næstu árin er vísað til nýlegs svars við fyrirspurn Þorsteins Víglundssonar um fjölda hjúkrunar- og dvalarrýma (þskj. 871 í 537. máli).

Af þeim rýmum á framkvæmdaáætlun sem þegar hefur verið fundinn staðsetning má sjá skiptingu eftir heilbrigðisumdæmum í töflu 3. Auk þess er bygging fleiri hjúkrunarrýma á framkvæmdaáætlun þar sem ákvörðun um staðsetningu verður tekin út frá niðurstöðum yfirstandandi þarfagreiningar ráðuneytisins. Þau byggingaráform snúa bæði að fjölgun hjúkrunarrýma og úrbótum á eldri rýmum til að uppfylla nútímakröfur um aðbúnað í hjúkrunarrýmum, m.a. kröfur um einbýli.

Tekið skal fram að hjónarými geta flokkast undir fjölbýli og því ekki markmiðið að engin fjölbýli séu til staðar á hjúkrunarheimilum.

Tafla 5. Staðsett rými á framkvæmdaáætlun til 2023.

Heilbrigðisumdæmi	Fjölgun	Endurbætur	Samtals
Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins	481	59	540
Heilbrigðisumdæmi Suðurnesja	30	30	60
Heilbrigðisumdæmi Vesturlands		18	18
Heilbrigðisumdæmi Vestfjarða			0
Heilbrigðisumdæmi Norðurlands	66	54	120
Heilbrigðisumdæmi Austurlands			0
Heilbrigðisumdæmi Suðurlands	31	62	93
<b>Heildarfjöldi rýma</b>	<b>608</b>	<b>223</b>	<b>831</b>